

## Fundargerð 5. Ár 2016.

Þriðjudaginn 05. apríl kom stjórn SSNV saman til fundar á Hvammstanga og hófst fundurinn kl. 09:30.

**Mætt til fundar:** Adolf H. Berndsen, Elín Jóna Rósinberg, Valgarður Hilmarsson, Sigríður Svavarsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson og Björn Líndal Traustason framkvæmdstjóri sem ritaði fundargerð. Adolf H. Berndsen formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSNV dags. 02. mars 2016
2. Drög að ársreikningi 2015
3. Skýrsla atvinnuþróunar SSNV vegna 2015 og starfsáætlun 2016
4. Innviðakort v/ Norðurlands vestra
5. Íbúakönnun
6. Ráðstefna um Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi
7. Stefnumótandi byggðaáætlun
8. Fyrirhugaður fundur með þingmönnum kjördæmisins
9. Fundargerðir Sambands ísl. sveitarfélag og Eyþings
10. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi
11. Skýrsla framkvæmdastjóra
12. Önnur mál

### Afgreiðslur:

#### 1. Fundargerð stjórnar SSNV dags. 2. mars 2016

*Fundargerð stjórnar SSNV frá 2. mars 2016 staðfest.*

#### 2. Drög að ársreikningi

*Ársreikningur barst ekki í tæka tíð frá endurskoðanda. Tekið af dagskrá.*

#### 3. Skýrsla atvinnuþróunar SSNV vegna 2015 og starfsáætlun 2016

Framkvæmdastjóri lagði fram skýrslu Atvinnuþróunar vegna 2015 og starfsáætlun vegna ársins 2016. Skila þarf þessum gögnum til Byggðstofnunar.

*Stjórn samþykkir framlagðar skýrslur og felur framkvæmdastjóra að senda þær til Byggðastofnunar*

#### 4. Innviðakort v/ Norðurland vestra

Framkvæmdastjóri lagði fram gögn varðandi innviðakort sem gert var á starfssvæði Fjórðungssambands vestfirðinga og hugmyndir um viðbótarupplýsingar sem gætu komið að gagni á slíku korti. Á kortinu eru allir vegir í landshlutanum merktir eftir breidd og yfirborði, brýr (einbreiðar merktar sérstaklega). Einnig er á kortinu

fyrirhuguð vegagerð ásamt flugvöllum og ljósleiðaralögnum.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að láta gera sambærilegt kort fyrir Norðurland vestra.*

## 5. Íbúakönnun

Framkvæmdastjóri lagði fram gögn varðandi íbúakönnun sem unnin hefur verið fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem spurt hefur verið um ýmsa búsetuþætti á svæðinu. SSV hefur boðið öðrum landshlutasamtökum þátttöku í könnun sem verður gerð haustið 2016.

*Stjórn samþykkir þátttöku í könnuninni og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að verkefninu ásamt SSV.*

## 6. Ráðstefna vegna Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi

Eyþing hefur óskað eftir samstarfi við SSNV um ráðstefnu vegna Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Markmið ráðstefnunnar eru að skoða:

Næstu skref – framkvæmdaráætlun

Formfesta aukið samstarfs sveitarfélaga

Staðfesta aðkomu sveitarfélaga að samstarfi.

*Stjórn SSNV samþykkir aðkomu að ráðstefnunni.*

## 7. Stefnumótandi byggðaáætlun

Lagt fram bréf Byggðastofnunar þar sem kynnt eru áform um nýja Byggðaáætlun. Óskað er eftir aðkomu SSNV og samráðsvettvangs um sóknaráætlun.

*Stjórn SSNV felur framkvæmdastjóra að kalla Samráðsvettvang sóknaráætlunar og Byggðastofnun til fundar um málið.*

## 8. Fyrirhugaður fundur með þingmönnum kjördæmisins

Stjórn SSNV mun funda með þingmönnum kjördæmisins í Reykjavík þann 11. apríl.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn..*

## 9. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarféla og Eyþings

### Samband íslenskra sveitarfélaga:

Fundargerð númer 835, dags 29. janúar 2016, 836, dags 26. febrúar 2016 og 837 dags. 18. mars 2016

### Eyþing:

Fundargerð númer 277, dags 17. febrúar 2016

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar*



## 10. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi

Frá Atvinnuveganefnd Alþingis. Tillaga til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku, 326. mál.

Frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Frumvarp til laga um helgidagafrið (brottfall laganna), 575. mál.

*Samþykkt að SSNV veiti ekki umsögn um ofangreind mál.*

## 11. Skýrsla framkvæmdastjóra

*Framkvæmdastjóri fór yfir störf sín frá síðasta fundi og áherslur á næstunni og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna um framgang ýmissa mála.*

## 12. Önnur mál

*Engin önnur mál voru rædd*

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 10:30.

Adolf H. Berndsen (sign.)  
Elín Jóna Rósinberg (sign.)  
Valgarður Hilmarsson (sign.)  
Sigríður Svavarsdóttir (sign.)  
Stefán Vagn Stefánsson (sign.)

Björn Líndal Traustason (sign.)